

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1993

11. júlí 1993

611

Nr. 322

REGLUGERÐ

um útvíkkun á vernd skv. lögum nr. 78/1993 um vernd
svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

1. gr.

Aðilar í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins skulu hafa sama rétt og íslenskir ríkisborgarar samkvæmt lögum nr. 78/1993 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. og 8. gr. laga nr. 78/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar sbr. lög nr. 2/1993.

Iðnaðarráðuneytið, 11. júlí 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Baldur Pétursson.

10. ágúst 1993

Nr. 323

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Stykkishólm.

Lögreglusamþykkt fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, nr. 555 3. september 1982, skal gilda í Stykkishólmi með eftirfarandi breytingu:

Í stað 59. greinar komi eftirfarandi grein:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 23.30 til kl. 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 03.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

Lögreglusamþykkt þessi sem bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.